



Stjórnarfundur haldinn 13. nóv. 2003 kl:18:00

Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar lá frammi.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá nokkrum kennurum RNB/missir á tímum í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.

Bréf frá bikarliði ÍRB/formanni boðið að vera viðstaddur bikkarkeppni SSÍ sem fer fram í Sundhöll Reykjavíkur 14.-16. okt '03, einnig að þiggja kvöldverð í Stapa 16. okt.

Bréf frá UMFÍ/kynningarbréf vegna þátttöku eldra fólks á Landsmóti UMFÍ 2004.

Bréf frá UMFÍ/vekur athygli á breytingu unglingslandsmótsreglugerðar. Unglingslandsmót skulu vera á hverju ári um verslunarmannahelgi.

Bréf frá kynningarfulltrúa UMFÍ/fyrsta skóflustunga tekin að nýrri þjónustumiðstöð UMFÍ í Þrastarskógi 20.nóv. kl.11:00, einnig aðrar upplýsingar um það sem er að gerast á vegum UMFÍ.

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað Keflavíkur.

Einar sagði frá því að auglýsingasöfnun gengi vel. Deildir væru ekki búnar að skila inn greinum í blaðið. Áætlað er að blaðið fari í prentsmiðjuna um mánaðarmótin nóvember og desember 2003.

5. Önnur mál.

Einar sagði frá því að hann hefði haft samband við Gunnar Oddsson formann MÍT vegna fjárhagsáætlunargerðar MÍT um helgina varðandi Hringbraut 108 og sendi honum nokkra punkta um umhverfið í kringum húsið og þá samninga sem hafa verið í gangi.

Birgir sagði frá fundi framtíðarnefndar, en á þann fund mættu Gunnar Oddsson og Ragnar Örn Pétursson.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:00.